



Fundargerð

375. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjaneshæjar – aukafundur
haldinn að Grænásbraut 910, 3. nóvember 2025, kl. 08:15

Viðstaddir: Róbert Jóhann Guðmundsson formaður, Eysteinn Eyjólfsson, Guðbergur I. Reynisson, Gunnar Felix Rúnarsson og Helga María Finnbjörnsdóttir.

Að auki sátu fundinn Gunnar Kr. Þ. Ottósson skipulagsfulltrúi sem einnig ritaði fundargerð, María Kjartansdóttir verkefnastjóri skipulagsmála, Margrét Lilja Margeirsdóttir deildarstjóri umhverfismála og Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs.

* * *

1. Fitjabraut og Fitjabakki - gangandi og hjólandi umferð (2025090263)

Tillögur að öruggum gönguleiðum um svæðið verða lagðar fram á fyrsta fundi í desember.

2. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis (2025030101)

Tillaga til þingsályktunar um hjólaleið milli höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja, 87. mál.

Bæjarráð óskar eftir að umhverfis- og skipulagsráð sendi umsögn um málið til nefndasviðs Alþingis.

Reykjaneshæjar fagnar tillögu um gerð fýsilegrar hjólaleiðar milli höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja. Tillagan er í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um vistvænar og öruggar samgöngur og styður við markmið svæðisskipulags um aukna tengingu milli helstu byggðarkjarna Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins. Reykjaneshæjar lýsir yfir stuðningi við tillöguna og hvetur innviðaráðherra til að skipa starfshópin sem taki mið af svæðisskipulagi Suðurnesja og góðu samstarfi við sveitarfélögin á svæðinu. Mikilvægt er að fulltrúar Reykjaneshæjar taki þátt í vinnu starfshópsins og munu þeir leggja til gögn, reynslu og sjónarmið íbúa svæðisins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:30.